

Úrskurður nr. 25/2008.

Í dag var hjá Tollstjóranum í Reykjavík kveðinn upp svofelldur

Ú R S K U R Ð U R

Kærandi: A

Kæruefni: Krafa um endurgreiðslu virðisaukaskatts af innflutningi listaverks.

I. Kæra

Með bréfi, dags. 19. febrúar 2008, sem barst embættinu þann 3. mars sl. hefur A, kært til úrskurðar sky. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 þá ákvörðun Tollstjórans í Reykjavík frá 18. febrúar 2008, að leggja virðisaukaskatt á listaverk sem flutt var inn til landsins frá Danmörku með sendingu númer F-783-15-02-8-BE-LGG-K004 þann 18. febrúar sl. Kærandi krefst endurgreiðslu virðisaukaskatts af hinu innflutta listaverki.

II. Málsmeðferð

Þann 18. febrúar 2008 flutti kærandi inn listaverkið „B.“ eftir X. Verkið var keypt á sýningu listamannsins í C í Kaupmannahöfn og var honum gert að greiða kr. 132.280 í virðisaukaskatt við innflutning verksins. Með bréfi, dags. 19. febrúar 2008, sem barst embættinu þann 3. mars sl., var kærð fyrrgreind ákvörðun varðandi synjun á umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þann 20. maí sendi embætti tollstjórans í Reykjavík kæranda tölvupóst þar sem gerð var grein fyrir því að töf hefði orðið á afgreiðslu málsins.

III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi telur að innheimta virðisaukaskatts af innfluttum listaverkum, sem keypt eru af listamönnum sem starfa innan EFTA og ES ríkja, sé ekki í samræmi við ákvæði EES-samningsins þar sem á sama tíma keypti hann verk tveggja íslenskra listamanna og þurfti ekki að greiða af þeim virðisaukaskatt samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði þá eru íslenskir listamenn undanþegnir skattskyldu að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.000. Jafnframt segir í 4. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um virðisaukaskatt að þau listaverk sem falla undir 9701.1000-9703.000 og listamaðurinn flytur sjálfur inn séu undanþegin virðisaukaskatti við innflutning. Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til dóms Hæstaréttar í máli íslenska ríkisins gegn Herði Einarssyni nr. 477/2002 frá 15. maí 2003, þar sem hærri virðisaukaskattur á innfluttar bækur var talinn andstæður 2. mgr. 14. gr. EES-samningsins um bann við skattlagningu en slík skattlagning væri til þess fallin að vernda óbeint framleiðsluvörur eins samningsaðila gagnvart framleiðsluvörum annarra aðila samningsins.

IV. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skal greiða virðisaukaskatt af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru. Samkvæmt ákvæðinu er meginreglan sú að greiða skal virðisaukaskatt af öllum vörum. Undanþágur frá meginreglum skattalaga um gjaldskyldu á almennt að skýra þröngt. Því er það mat tollstjóra, með vísan til fordæma fjármálaráðuneytisins, að skilyrði undanþágu verði tvímælalaust að vera uppfyllt.

Einnig samkvæmt 34. gr. laga um virðisaukaskatt skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru við innflutning á vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð. Almenn tollskylda er skilgreind í 3. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Í 4. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um virðisaukaskatt segir, eins og að ofan greinir, að listaverk sem falla undir tollskránumer 9701.1000-9703.0000 og listamaðurinn sjálfur flytur inn skulu undanþegin virðisaukaskatti við innflutning. Þessi undanþága gildir því einungis fyrir innlenda listamenn sem eru að flytja eigin verk til landsins og einnig eru listamenn undanþegnir virðisaukaskatti við sölu á eigin verkum héraendis samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga um virðisaukaskatt. Ofangreindur innflutningur fellur því ekki undir tilgreint lagaákvæði og innheimta virðisaukaskatt við innflutning listaverksins því heimil.

Varðandi það álitaefni hvort tiltekin ákvæði laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 séu andstæð ákvæðum EES-samningsins, telur embættið að æðra stjórnvald sem hefur umsjón með framkvæmd þeirra laga eigi að taka afstöðu til þess álitaefnis, fremur en embætti tollstjórans í Reykjavík.

ÚRSKURÐARORÐ

Embætti tollstjórans í Reykjavík úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að kröfu um endurgreiðslu virðisaukaskatts af ofangreindu listaverki sem flutt var til landsins þann 18. febrúar 2008 er hafnað.

Kæru réttur

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga.